STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1973

5. janúar 1973. 1 Nr. 1.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd.

1. gr.

Þungaskattur af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, greiðist fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli, sem hér segir:

A. Fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 1.40
6.0— 6.99 —	— 1.65
7.0— 7.99 —	— 1.85
8.0— 8.99 —	— 2.10
9.0— 9.99 —	— 2.30
10.0—10.99 —	— 2.55
11.0—11.99 —	— 2.75

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km
5.0— 5.99 tonn	kr. 2.05
6.0— 6.99 —	— 2.35
7.0— 7.99 —	— 2.65
8.0— 8.99 —	— 3.00
9.0— 9.99 —	— 3.30
10.0—10.99 —	— 3.60
11.0—11.99 —	— 3.95

2. gr.

Þegar greiddur hefur verið þungaskattur af bifreið samkvæmt 1. gr. fyrir 30 000 km akstur á einu almanaksári skal þungaskattur miðast við, að veittur sé 15% afsláttur af kílómetragjaldi sem til fellur umfram 30 000 km og að 45 000 km og 25% af kílómetragjaldi umfram 45 000 km. Miðað við framangreind akstursmörk skal greiða sem hér segir:

A. Fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.9— 5.99	kr. 1.20	kr. 1.05
6.0— 6.99	— 1.40	— 1.25
7.0— 7.99	— 1.55	— 1.40
8.0— 8.99	— 1.80	— 1.60
9.0— 9.99	— 1.95	— 1.75
10.0—10.99	— 2.15	— 1.90
11.0—11.99	— 2.35	— 2.05

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

B. Aðrar bifreiðar en fólksflutningabifreiðar:

Eigin þyngd bifreiðar	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 30 000 km að 45 000 km	Gjald fyrir hvern ekinn km yfir 45 000 km
5.0— 5.99	kr. 1.75	kr. 1.55
6.0— 6.99	— 2.00	— 1.75
7.0— 7.99	— 2.25	— 2.00
8.0— 8.99	— 2.55	— 2.25
9.0— 9.99	— 2.80	— 2.50
10.0—10.99	— 3.05	— 2.70
11.0—11.99	— 3.35	— 2.95

Afsláttur kemur til framkvæmda við fyrsta uppgjör eftir að akstur hefur náð framangreindum mörkum. Réttur til endurgreiðslu fylgir bifreið, þótt eigendaskipti verði.

3. gr.

Um ísetningu ökumæla, innsiglun, álestur og viðgerðir, svo og um skyldur umráðamanns bifreiðar, varðandi álestur, færslu ökubókar o. þ. h. gilda ákvæði reglugerðar nr. 74/1970, um innheimtu þungaskatts samkvæmt ökumælum af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, sbr. einnig reglugerð nr. 94/1970, um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum, sem á henni kunna að verða gerðar.

4. gr.

Fyrir þær bifreiðar, sem gjaldskrá þessi tekur til, kemur hún til framkvæmda við uppgjör þungaskatts eftir álestur ökumæla í lok fyrsta ársfjórðungs 1973, hvað varðar akstur eftir síðasta álestur mælis, enda hafi sá álestur farið fram fyrir 11. jan. 1973, nema sérstökum ástæðum sé til að dreifa, sbr. ákv. 10. gr. reglug. nr. 94/1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99 28. des. 1972 um breytingar á vegalögum nr. 23 30. apríl 1970, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Gjaldskrá um þungaskatt af dísilbifreiðum, 5 tonn eða meira að eigin þyngd, nr. 47 18. marz 1971, er úr gildi felld, frá og með 1. janúar 1973 að telja.

Samgönguráðuneytið, 5. janúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.